



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 7. nóvember 2022
Mál nr. 2019050681

Efni: Búnaður í hreinsi- og dælustöð Fitjabraut 1c

Í hreinsi- og dælustöð okkar á Fitjabraut 1c ríkir neyðarástand því búnaður sem grófhreinsar fráveituvatn er kominn að niðurlotum og ómögulegt að fá varahluti. Sá búnaður hefur verið nýttur síðan 2004 og ekkert hægt að gera lengur til að framlengja líftíma. Þessi stöð tekur við fráveituvatni frá Innri Njarðvík, Ásbrú og hluta Keflavíkur samtals um 45% alls fráveituvatns Reykjanesbæjar.

Að undangenginni athugun á því hvað virkar og hvað ekki í hreinsistöðvum á Íslandi höfum við á Umhverfissviði Reykjanesbæjar sannfærst um að búnaður frá Hydria Water í Svíþjóð, sem hafa framleitt og selt hreinsibúnað frá 1960, sé best til þess fallinn að breyta hreinsistöðinni úr sk. 1. stigs hreinsun í 2. stigs hreinsun. Með litlum viðbótum má bæta við búnaði þannig að hún geti flokkast sem 3. stigs hreinsunarstöð, en það þýðir að hún sendir frá sér gerlafrítt vatn út í Stakksfjörð. Þetta gefur okkur tækifæri á því að hreinsa strandlengjuna okkar þannig að sómi sé að. Við vonumst til þess að geta nýtt sömu lausn til hreinsunar fráveituvatns í Keflavík í kjölfar þessarar aðgerðar.

Boðinn búnaður er margreyndur og viðurkenndur og í notkun um allan heim. Sambærilegar stöðvar eru í Borgarnesi, Kjalarnesi og Akranesi, sem hafa starfað síðan 2017.

Við teljum okkur vera að verja mjög litlum fjármunum í aðgerðir sem skila miklum árangri og viljum með þessu skipa Reykjanesbæ í forystu í fráveitumálum á komandi árum með einföldum, ódýrum og skilvirkum lausnum.

Það er okkar mat að óhjákvæmilegt sé að ráðast í þá fjárfestingu sem hér um ræðir, en áætluð heildarfjárfesting í tveimur hreinsisamstæðum án uppsetningar og flutnings er 48 milljónir án VSK en sú fjárhæð er innan útboðsmarka.

Þessir fjármunir eru á fjárhagsáætlun 2022 og 2023 og því er ekki verið að óska eftir viðbótarfjármagni vegna þessarar framkvæmdar.


Guðlaugur H. Sigurjónsson
sviðsstjóri umhverfissviðs

Fylgiskjöl: Minnisblað Consensa verðandi útboðsmörk

Dreifing: Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
S
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni